Ed. **631. Nefndarálit**

um frv. til laga um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. verði samþykt með nokkrum breytingum. Aðalbreytingin er sú, að þar sem 7. gr. frv. á að koma beinlínis í stað 231. gr. hegningarlaganna, og þannig að falla úr lögum með öllu upptalning þeirrar greinar á því, hverjar tegundir þjófnaðar nefnist »stórþjófnaður«, þá vill nefndin láta 231. gr. halda áfram að gilda hvað þetta snertir, en breyta refsiákvæðunum í samræmi við uppástungur frv. Að öðru leyti verður gerð grein fyrir brtt. í framsögu.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 5. gr. Orðið »ævarandi« í 3. málsgr. falli burt.
2. Við 7. gr. Fyrir orðin »vegna þess . . . . . geymslustað þess« komi: greinir í 231. gr. hegningarlaganna, 1.—5. lið.
3. Við 17. gr. Fyrir »230.—234. gr.« komi: 230. gr., 232.—234. gr.

Alþingi, 29. mars 1928.

Jón Baldvinsson, form. Jón Þorláksson, frsm. Ingvar Pálmason, fundaskr.